

Skipulagsstofnun  
Tinna Jónsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 23. júní 2020  
UST202006-141/B.S.  
10.05.01

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - efnistaka - Efri-Stafur í Seyðisfirði. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 10. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að taka um 45.000 m<sup>3</sup> af efni úr klapparholti í norðanverðum Efri-Staf í Seyðisfirði. Efnistökusvæðið er í jöklusorfnu klapparholti hálf grónu. Önnur mannvirki eru í næsta nágrenni.

Námusvæðið verður sýnilegt frá Seyðisfjarðarvegi og er talið að helstu áhrif efnistökunnar verði sjónræns eðlis.

Umhverfisstofnun telur að þar sem efnistakan muni að líkindum standa yfir um nokkurn tíma er mjög mikilvægt að við vinnsluna sé gengið vel um námuna og ef unnt er ætti að ganga jafnóðum frá þeim hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið. Ef unnt er ætti að vinna námuna í átt að Seyðisfjarðarvegi til að draga enn frekar úr sýnileika námunnar.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Greinargerðin er eins ítarleg og ástæða er til.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur